

Eskja

Árs- og sjálfbærniskýrsla 2023



Ávarp framkvæmdastjóra

Ár útgerðarinnar



Páll Snorrason framkvæmdastjóri Eskju

Árið 2023 má segja að hafi verið ár útgerðarinnar en veiðar á uppsjávarfiski gengu mjög vel hjá félaginu á árinu.

Mjög vel gekk að veiða loðnu og kolmunna, sem endurspeglast í lægri olíueyðslu per veitt tonn á milli ára og þar með minna kolefnisspori af veiðunum. Rúmlega helmingur af makrílveiði ársins var innan íslensku lögsögunnar og norsk íslenska síldin var veidd rétt utan við Austfirðina líkt og undanfarin ár. Samtals fiskuðu tvö uppsjávarskip Eskju um 106 þúsund tonn af uppsjávarfiski á árinu. Það er hins vegar aldrei á vísan að róa í uppsjávarveiðum og sveiflur eru miklar en góðar heimtur líkt á síðasta ári hefur jákvæð áhrif á bæði sóknarkostnað og sótspor félagsins.

Olíueyðsla 2023 var 63 lítrar per veitt tonn af uppsjávarfiski, sem er það lægsta síðan Eskja hóf að gefa út árs- og sjálfbærniskýrslu árið 2020. Landvinnsla félagsins gekk einnig vel á árinu. Ný hrognavinnsla stóð undir væntingum, en sett var met í framleiðslu loðnuhrogna á vel heppnaðri loðnuvertíð.

Samhliða góðum veiðum gekk öll vinnsla vel, bæði frysting og mjöl- og lýsisvinnsla. Samtals voru framleidd 55 þúsund tonn af afurðum á árinu. Ekki gekk allt þó slysalaust fyrir sig en á árinu varð vart við lýsisbrák í firðinum sem kom til vegna mannlegra mistaka við niðurkeyrslu í mjöl- og lýsisvinnslu. Óhappið var tilkynnt til viðeigandi eftirlitsstofnana og hafist handa við hreinsun sem gekk mjög vel. Engin skaði hlaut af fyrir utan sjón- og lyktmengun. Við biðjumst velvirðingar á þessu óhappi.

Orkumálin í landinu héldu áfram að valda félaginu vandamálum á árinu en undanfarin ár hefur félagið ekki fengið fulla raforku til mjöl- og lýsisvinnslu sem er mjög orkufrekur iðnaður.

Grípa hefur þurft til olíu sem varaafis vegna skerðingar, sem eykur sótspor félagsins, án þess að nokkuð verði við ráðið.

Eskja hefur haft að leiðarljósi að fjárfesta í orkuskiptum í allri landvinnslu félagsins og getur framleitt allar afurðir í landi með notkun rafmagns. Það skýtur hins vegar skökku við að sökum skerðingar og óvissu í orkumálum þjóðarinnar ákvað félagið að fara í „öfug orkuskipti“ ef svo má að orði komast. Félagið var tilneytt í upphafi 2023 til að fjárfesta í nýjum olíukatli til að tryggja órofinn rekstur. Sú fjárfesting leysti af hólmi gamlan olíuketil sem var kominn vel til ára sinna. Nýi ketillinn er áreiðanlegri og mun sparneytnari og reyndist sú fjárfestingarákvörðun afar mikilvæg félaginu. Það kom á daginn að frá árslokum 2023 og fram eftir árinu 2024 var fiskimjölsverksmiðjum tilkynnt um skerðingar á raforku vegna yfirvofandi orkuskiorts. Ekki sér fyrir endann á því og líklegt að fiskimjölsverksmiðjur muni sæta skerðingum á raforku næstu misseri.

Eskja er stolt að því að birta nú fjórða árið í röð opinberlega skattspor félagsins sem sýnir hversu mikilvæg verðmætasköpun félagsins og okkar starfsmanna eru samfélaginu. Þar setjum við met. Beinir skattar og gjöld sem Eskja og starfsfólk félagsins greiða til samfélagsins eru um 3,2 milljarðar íslenskra króna og hafa aldrei verið hærri.

Með góðum ásetningi munum við reyna gera okkar besta til að halda áfram að vera í fremstu röð í okkar starfsgrein og búa til sem mest verðmæti úr auðlindinni til aukinnar hagsældar fyrir land og þjóð. Eskja gefur út árs- og sjálfbærniskýrslu í fjórða sinn og vona ég að skýrslan fyrir árið 2023 veiti góða innsýn í okkar starfsemi á árinu.

Páll Snorrason, framkvæmdastjóri





EFNISYFIRLIT

Ávarp framkvæmdastjóra	2
Lykiltölur	4
Um skýrsluna	5
Um Eskju	7
Starfsemi Eskju	17
Umhverfisþættir	26
Félagslegir þættir	33
Stjórnarhættir	41
Markmið 2024	48
Yfirlitstöflur	50

Lykiltölur



Rekstrartekjur

15,8 m.a.kr



EBITDA

5,7 m.a.kr



Eiginfjár-
hlutfall

59 %



Kynjaskipting
karlar

85%



Fastráðið
starfsfólk

87



Kynjaskipting
konur

15%



Kolefnislosun
umfang 1&2

22.502 tCO₂



Gróðursetning
fjöldi trjáa

22.000 stk



Heildarlosun
gróðurhúsa-
lofttegunda

31.835 tCO₂



Um skýrsluna

Eskja gefur út í fjórða sinn árs- og sjálfbærnisráðgjöf í samræmi við auknar áherslur félagsins á sjálfbærni og loftslagsmál. Skýrslan horfir til helstu þátta sjálfbærni og er byggð upp í samræmi við viðmið Nasdaq um umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS viðmið) og fylgir Global Reporting Initiative (GRI) staðlinum ásamt því að tengja reksturinn við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og byggir hún á samfélagsstefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS).

Framundan er innleiðing á nýjum evrópsku regluverki á sviði sjálfbærni og loftslagsmála líkt og CSRD (Corporate Sustainability Reporting Directive) sem mun koma með nýjan sjálfbærni-upplýsingastaðal ESRS (e. European Sustainability Reporting Standards) og mun upplýsingagjöf félagsins taka mið af honum þegar sú tilskipun tekur gildi á Íslandi. Flokkunarreglugerð ESB (e. EU Taxonomy) tók í gildi árið 2023 en kjarnastarfsemi Eskju fellur ekki undir þau viðmið að svo stöddu.

Þessari skýrslu ætlað að gefa greinargott yfirlit yfir starfsemi Eskju og frammistöðu félagsins út frá helstu UFS þáttum. Með þessari skýrslugjöf vill Eskja sýna ábyrgð í samfélaginu og út frá umhverfisáhrifum sínum, bæði beint frá starfseminni og í gegnum virðiskeðjuna. Félagið vill hafa jákvæð áhrif á samfélagið og stuðla að góðum vinnustað þar sem allir fá jafnt tækifæri til að vaxa og dafna.

Upplýsingar í skýrslunni ná til samstæðunnar Eskju Holding ehf. og dótturfélaganna, Eskju hf., Eskju Bolfisk ehf. og Eskju Sales & Export ehf. Tengiliður vegna upplýsinga sem finna má í skýrslunni er Páll Snorrason, framkvæmdastjóri Eskju.

Nýtt skipurit tók í gildi á árinu 2023 og fólust breytingarnar í því að viðhaldssvið var lagt niður. Skýrslan nær yfir rekstrarárið 2023 og eru allar tölur og mælikvarðar í skýrslunni settar fram samkvæmt bestu vitund.



CSRD tilskipun ESB (e. Corporate Sustainability Reporting Directive)

Flokkunarreglugerð ESB (e. EU Taxonomy)

Fjárfestingar (e. Capex)


Rekstrarkostnaður (e. Opex)

Velta (e. Turnover)

fyrir samræmda („græna“) starfsemi



ESRS Skýrslugerðarstaðall (e. European Sustainability Reporting Standards (ESRS))



Nýtt sjálfbærniregluverk

Framundan er innleiðing á nýjum evrópsku regluverki á sviði sjálfbærni og loftslagsmála sem Eskja mun taka föstum tókum. Um er að ræða flokkunarreglugerð ESB (e. EU Taxonomy) sem tók í gildi árið 2023 en kjarnastarfsemi Eskju fellur ekki undir það að svo stöddu og CSRD sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og skráðra fyrirtækja og félaga tengdum almannahagsmunum (e. Corporate Sustainability Reporting Directive) sem áætlað er að taki gildi árið 2025/2026 ásamt ESRS skýrslugerðarstaðli (e. European Sustainability Reporting Standard). Innleiðingin kallast á við stefnu Eskju um sjálfbærni og skuldbindingu félagsins um að taka umhverfismál og samfélagslega þætti föstum tókum.

Flokkunarreglugerðin myndar eins konar gátlista sem fyrirtæki og fjárfestar geta stuðst við til að ákvarða hvort starfsemi fyrirtækja samræmist umhverfismarkmiðum ESB og er þar meðal annars horft til þess hversu sjálfbær rekstur fyrirtækja er í raun út frá veltu, fjárfestingu og rekstrarkostnaði. Til að starfsemi teljist umhverfislega sjálfbær þarf hún að falla undir minnst eitt af sex umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar án þess að skaða önnur markmið, auk þess sem starfsemin skal vera í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir (e. minimum safeguards) sem mælt er fyrir.

Eskja mun hefja innleiðingu áðurnefnds regluverks innan tíðar en í því felst m.a. krafa um að framkvæma tvöfalda mikilvægisgreiningu, gloppugreiningu, uppfæra stefnu félagsins og setja mælanleg markmið sem varða sjálfbærnivegferð Eskju í átt að sjálfbærari framtíð. Vinna við árs- og sjálfbærnisráðgjöf fyrir árið 2023 hefur miðað að því að undirbúa aukna upplýsingagjöf Eskju á þessu sviði en mun halda áfram að þróast í takt við ofangreindar kröfur.



Um Eskju

Saga Eskju 80 ára

Eskja á Eskifirði hefur verið leiðandi afl í íslenskum sjávarútvegi síðustu 80 árin. Fyrirtækið hét áður Hraðfrystihús Eskifjarðar og var stofnað 8. maí 1944 í því skyni að skjóta styrkum stoðum undir fábreytilegt atvinnulíf bæjarins og auka við fjölbreytileika.

Stofnendur félagsins voru um þrjú hundruð einstaklingar og fyrirtæki í bænum. Fljótlega eftir stofnun var hafist handa við byggingu frystihúss og hófst vinnsla þar 1947. Fyrstu starfsárin fékk félagið hráefni frá bátum er stunduðu aðallega veiðar með línu frá maí á vorin og fram eftir hausti, en fóru á vertíð suður með sjó á vetrum. Einnig kom töluvert hráefni af smábátum yfir sumartímann.

Eskja er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og starfrækir tvö skip, fiskmjölsverksmiðju og fullkomna uppsjávarfrystingu á Eskifirði. Uppsjávarfrystihús Eskju er 7.000 m² að stærð og býr yfir vinnslugetu upp á 900 tonn á sólarhring. Þá er vinnslugeta fiskimjölsverksmiðjunnar um 1.000 tonn á sólarhring. Starfsemin er knúin með íslensku rafmagni sem framleitt er úr 100% endurnýjanlegum orkugjöfum.

Á árinu 2023 voru gerðar breytingar á samstæðu félagsins sem samanstendur nú af móðurfélaginu Eskju Holding ehf. og dótturfélögum þess Eskju hf. og Eskju Bolfiski ehf. sem áður hét Eiður Ólafsson ehf. og gerir út netabátinn Ísak AK 67. Eskja hf. rekur sölufélagið Eskju Sales & Export ehf. sem annast sölu á afurðum félagsins en Eskja – vöruhús ehf. sem rekur frystiklefa félagsins var sameinað Eskju á árinu.

Alla tíð hefur Eskja verið kjölfestan í atvinnulífi Eskifjarðar. Félagið hefur vaxið og dafnað í gegnum árin og fastráðið starfsfólk fyrirtækisins eru í dag um 90 en sveiflast nokkuð innan ársins samhliða vertíðarálagi.


Eskja hefur frá fyrstu tíð haft það að leiðarljósi að umgangast fiskimiðin umhverfis Ísland af ábyrgð og virðingu, í samræmi við lög og reglur og að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar. Eskja leggur áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar og hefur það að markmiði að nota ávallt nýjustu framleiðslutækni sem völ er á við starfsemina. Eskja hefur einsett sér að vera í fremstu röð í allri starfsemi, vinna að stöðugum umbótum og að starfa ávallt í sátt við umhverfi og samfélag.



Við erum stolt af því að starfa í okkar heimabæ á Eskifirði og búa yfir göfugu starfsfólki á sjó og landi. Við erum einnig þakklát fyrir að geta gefið til baka í okkar nærsamfélag fyrir þann stuðning sem okkur er veittur.

Þorsteinn Kristjánsson, forstjóri

80 ára tímalína



GILDI

Eskja einsetur sér að byggja upp vinnustaðarmenningu sem byggir á eftirfarandi lykilgildum:
Heilindi, atorka og færni, og styður slíkt við verkefni og markmið fyrirtækisins.



Heilindi

Heilindi starfsfólks eru einn af hornsteinum hvers fyrirtækis þar sem samkennd og mannleg virðing eru í öndvegi.




Atorka

Atorka er sá frumkraftur er ríkja þarf hjá starfsfólki sem umbreytist í vilja til góðra verka og nýrrar hugsunar. Hún er einnig viljinn til þess að halda áfram þegar á móti blæs og er getan til þess að snúa erfiðum aðstæðum í tækifæri.



Færni

Færni byggist á því að nýta eiginleika og styrk starfsfólks sem best, takast á við síbreytilegt umhverfi og auka þekkingu starfsfólks og getu í krefjandi samfélagi. Það er því mikilvægt fyrir starfsfólk Eskju að eiga möguleika á að auka færni sína til þess að vaxa og dafna í starfi sínu.



Samfélagsstefna

Það er stefna Eskju um sjálfbærni og skuldbindingu félagsins að taka umhverfismál og samfélagslega þætti föstum tökum.

Fyrirtæki innan vébanda Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa markað sér stefnu í samfélagsábyrgð sem grundvallast á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Stefnan verður það leiðarljós sem samfélag, umhverfi, haf og fyrirtæki munu njóta góðs af þegar lagt verður af stað til móts við framtíðina.

Eskja hefur undirritað skuldbindingar sínar við stefnuna og er hluti af íslenskum sjávarútvegi sem vill rísa undir þeirri ábyrgð og auka gagnsæi.

Grunngildi stefnunnar eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna „Líf í hafi“ og „Nýsköpun og uppbygging“ ásamt öðrum mikilvægum markmiðum.

[Stefnuna í heild má finna hér](#)

 Samtök fyrirtækja
í sjávarútvegi



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Markmiðin eru metnaðarfull og margþætt og krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila.

Eskja fylgir stefnu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi í samfélagsábyrgð þar sem grunnildi stefnunnar eru heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna „Líf í hafi“ og „Nýsköpun og uppbygging“ ásamt öðrum mikilvægum markmiðum.



Eskja er aðili að félagi uppsjávariðnaðarins sem vinnur sameiginlega að rannsóknar- og þróunarverkefnum í uppsjávariðnaði. Eskja styður við rannsóknir á vistfræði og efnafræði sjávar til að efla skilning á áhrifum hlýnunar og súrnunar sjávar og plastmengunar á lífríki hafsins. Eskja býður fram Aðalstein Jónsson í rannsóknarleiðangra á loðnu ár hvert.



Eskja fjárfestir í lausnum sem stuðla að betri nýtingu auðlinda og sjálfbærni og stuðlar að auknum árangri félagsins í umhverfismálum með nýsköpun og uppbyggingu. Áður voru afurðir félagsins að mestu geymdar erlendis en í dag er notast við endurnýjanlega orkugjafa við frystingu og geymslu á afurðum. Allt rafmagn sem Eskja kaupir kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum, annaðhvort vatnsafla eða jarðvarma.



Eskja fylgir öðrum mikilvægum heimsmarkmiðum með því að fylgja lögum og reglum um heilbrigða og góða starfsemi og styður við aðgerðir í loftslagsmálum, orkunýtingu, orkuskipti og að draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti á bifreiðum, vélum og tækjum. Eskja starfar af heilindum og innleiðir siðareglur í rekstur sinn og vinnur gegn spillingu í hvaða formi sem er og birtir ófjárhagslegar upplýsingar og stuðlar að gagnsæi. Eskja lítur svo á að starfsfólkið sé lykillinn að velgengi fyrirtækja í sjávarútvegi og býr fyrir traustu og hæfu starfsfólki í sínum rekstri, á landi sem hafi. Eskja leggur áherslu á að tryggja öryggi á vinnustað og að starfsfólki líði vel og fái þá fræðslu og þjálfun sem þörf er á. Eskja tryggir jöfn tækifæri og virðir fjölbreytileika.

Samstarf

Eskja hefur tekið virkan þátt í að þróa málaflokk um sjálfbærni innan **Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi**. Félagið ætlar sér á næstu árum að halda áfram byggja á þeim trausta grunni tengdum sjálfbærni sem það hefur skapað sér. Slík fjárfesting er nauðsynleg til að tryggja að starfsemi Eskju uppfylli allar helstu gæðakröfur og taki mið af viðeigandi áhættum sem og tækifærum sem tengjast sjálfbærni og loftslagsbreytingum.

Eskja er hluti af **Festu, miðstöð um sjálfbærni** sem og **Icelandic Sustainable Fisheries (ISF)** sem aflar vottana á veiðarfæri og fiskistofna sem nýttir eru við Ísland. Markmiðið er að sýna kaupendum og neytendum fram á að við Íslandsstrendur séu eingöngu stundaðar sjálfbærar veiðar og mikil vinna er lögð í það að fiskistofnar og umhverfi hafsins geti áfram verið uppspretta hagsældar í landinu vegna þekkingar og virðingar fyrir lífríki hafsins.

Þróun mynd- og litrófsgreiningarspálíkans

Eskja, er aðili að verkefni sem fjallar um að þróa spálíkan sem gerir fiskimjölframléiðendum kleift að fá hraðvirka, hagkvæma og nákvæma greiningu á gæðum fiskimjöls sem innihaldsefnis í laxafóðri með einfaldri litrófsgreiningu (e. near-infrared spectroscopy/NIR).

Markmið með verkefninu er að meta gæði fiskimjöls sem innihaldsefnis í fiskeldisfóðri með því að tengja NIR litrófs- og myndgreiningargögn við vöxt og meltanleika í laxeldi. Þróun á slíku líkani fyrir íslenska fiskimjölframléiðendur mun veita þeim betri upplýsingar um eiginleika afurða þeirra og styrkir í leiðinni sölu- og markaðssetningu. Aðrir samstarfsaðilar eru Félag íslenskra fiskimjölframléiðenda, Ísfélagið, Síldarvinnslan og Háskóli Íslands. Verkefnið er styrkt af Matvælasjóði.



Rekstraruppgjör

Árið 2023 var gott ár í rekstri Eskju og einkenndist af mjög góðum árangri í útgerð félagsins en veiðar á helstu nytjastofnum gengu afar vel á árinu. Veiðar og vinnsla gengu vel og afurðaverð var hátt en mjöl og lýsismarkaðir voru mjög sterkir á árinu. Tekið var á móti 140 þúsund tonnum af hráefni á árinu.

Á árinu 2023 námu rekstrartekjur Eskju 15,8 milljarða króna samanborið við 15,3 milljarða króna árið 2022. Á árinu var félaginu skipt upp í rekstrarfélag uppsjávarfisks og rekstrarfélag bolfisks og var skiptingin miðuð við 1. janúar 2023. Við skiptinguna rann hluti eigna, skulda og eigin fjár frá Eskju hf. inn í Eskju Bolfisk ehf. og Eskju Holding ehf. Á árinu var ákveðið að sameina félagið og Eskju vöruhús ehf. og var samruninn miðað við 1. janúar 2023. Helstu fjárfestingar ársins voru m.a. í hrognavinnslu og löndunarhúsi, keyptir nýir sjóðarar og nýr gufuketill. Stríðið í Úkraínu hefur ekki haft mikil áhrif á félagið fyrir utan að birgðahald hefur í einhverju mæli flust yfir til Eskju sökum þess.

Ýmsir þættir hafa áhrif á rekstur félagsins eins og gengisvísitala krónu og verðlag innanlands og erlendis, magn og verðmæti veiðiheimilda, fiskverð á mörkuðum, launakostnaður, aðgengi að raforku, verð olíu til rekstrar véla og skipa og önnur aðföng og síðast en ekki síst vaxtastig erlendis og innanlands.

Rekstrarumhverfi félagsins er síbreytilegt og ræðst ekki síst af sveiflum og óvissu í stærðum nytjastofna. Sveiflur eru mun meiri þegar kemur að uppsjávarstofnum og undanfarin ár hafa strandríkin í Norður – Atlantshafi ekki náð samkomulagi um skiptingu á okkar helstu deilistofnum sem er áhyggjuefni.

	2023* (ma.kr.)	2022 (ma.kr.)	2023 (m USD)	2022 (m USD)
Rekstrartekjur	15,8	15,3	114,4	112,7
Aðrar tekjur	0,07	0,7	0,5	5,1
Rekstrargjöld	10,2	9,2	73,9	68,2
Afskriftir	1,0	1,0	7,1	7,1
Rekstrarhagnaður	4,7	5,8	33,8	42,6
EBITDA	5,7	6,7	40,9	49,7
Fjármagnsliðir og hlutdeildarfélag	1,0	0,2	7,3	1,6
Hagnaður fyrir skatt	3,7	5,5	26,5	41,0
Tekjuskattur	0,7	1,2	5,1	8,5
Hagnaður ársins eftir skatt	2,9	4,4	21,4	32,5
Laun og launatengd gjöld	3,5	3,0	25,5	22,3
Arðgreiðslur	1,9	1,7	13,6	13,1

*Rekstrartölur umreiknaðar í íslenskar krónur á meðalgengi árána 2023 og 2022.

Skattslóð

Í skattslóð Eskju er varpað ljósi á umfang þeirra verðmæta sem rekstur Eskju skilar til samfélagsins í formi lögbundinna gjalda. Eskja skilar ýmsum öðrum verðmætum til samfélagsins og leggur áherslu á að styðja uppbyggileg samfélagsverkefni með því að veita styrki og leggja af mörkum til góðgerðar- og mannúðarsamtaka.

Eskja greiddi 2.056 milljónir króna í skatta og gjöld og innheimti 1.163 milljónir króna á árinu 2023 af starfsfólki fyrir ríkissjóð. Samtals var því skattslóð starfseminnar rúmir 3,2 milljarðar króna.


Greiddir skattar og gjöld	m.kr.
Tekjuskattur	740,0
Veiðigjöld	390,0
Mótframlag í lífeyrissjóði	330,5
Tryggingagjald	219,0
Aðrir skattar og gjöld	
Fasteignagjöld	64,5
Gjöld í stéttarfélög	46,2
Kolefnisgjald	106,0
Bifreiðagjald	0,5
Gjöld til hafnarsjóða	
Aflaggjöld o.fl.	111,0
Vörugjöld	15,0
Hafnargjöld, skipa-, bifreiða- og vitagjald	33,0
Alls greiddir skattar og gjöld	2.055,7
Innheimtir skattar	
Staðgreiðsla starfsmanna	1.039,3
Lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna	117,4
Fjármagnstekjuskattur	5,9
Alls innheimtir skattar	1.162,6
Skattslóð alls	3.218,3





Verðmætasköpun

Verðmætasköpun félagsins hefur víðtæk samfélags- og efnahagsleg áhrif sem meðal annars má sjá með þeirri verðmætasköpun sem verður til af rekstri Eskju árið 2023 sem nam rúmum 13,1 milljörðum króna og hækkaði um tæp 25% á milli ára.







Starfsemi Eskju

Virðiskeðja

Virðiskeðja í sjávarútvegi er allt frá veiði til vinnslu og dreifingar á fiski og sjávarafurðum til neytenda. Innan virðiskeðjunnar eru margir hagsmunaaðilar þar á meðal sjómenn, starfsfólk í vinnslu, verktakar, dreifingaraðilar, önnur framleiðslufyrirtæki, smásalar og neytendur. Virðiskeðja sjávarútvegsins er háð ýmsum reglugerðum og stöðlum sem tengjast öryggi, sjálfbærni og umhverfisáhrifum en þessar reglur geta verið mismunandi eftir löndum og svæðum.

Mikilvægt er að stjórnun á birgðakeðjunni sé skilvirk til að tryggja aðgengi að ferskum og frosnum, hágæða fiski og sjávarafurðum fyrir neytendur en lágmarka sóun og umhverfisáhrif. Eskja hefur lagt áherslu á að kaupa vörur og þjónustu af birgjum í sínu nærsamfélagi eins og kostur er. 85 % af innkaupum Eskju kemur frá innlendum og þar af 40% frá birgjum í nærsamfélaginu og 15 % kemur frá erlendum birgjum.

Eskja hefur ekki sett sjálfbærnitengd ákvæði í samningana sína við birgja. Við mat á þeim birgjum sem fyrirtækið skiptir við, hafa birgjar ekki verið greindir með hliðsjón af UFS viðmiðum en markmiðið er að á árinu 2024 verði hafist handa við slíkt





Jón Kjartansson SU-111
Uppsjávarskip smíðað 2003 og keypt til Eskju 2017



Verðmæti afla
2.880 m.kr.



Heildarafli
50.798 tonn

Aðalsteinn Jónsson SU-11
Uppsjávarskip smíðað 2004 og keypt til Eskju 2016



Verðmæti afla
3.050 m.kr.




Heildarafli
54.877 tonn

Útgerð

Eskja sérhæfir sig í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski með sjálfbærum hætti. Félagið framleiðir frystar afurðir til manneldis úr uppsjávartegundum eins og makríl, síld og loðnu, vinnur loðnuhrogn auk þess að framleiða mjöl og lýsi úr kolmunna og afskurði sem fellur til við vinnsluna. Eskja gerir út tvö uppsjávarveiðiskip, Aðalstein Jónsson SU-11 og Jón Kjartansson SU-111.

Á árinu 2023 veiddu uppsjávarskipin tvö samtals 105.675 tonn og fór um þriðjungur af aflanum til manneldis en annað í mjöl- og lýsisvinnslu.


Magn uppsjávarafurða




*Samkvæmt uppfærðum gögnum fyrir 2022 og 2021

Aflaheimildir

Aflahlutdeild 2023



Tegund	Lýsing
Kolmunni 	Kolmunni er hvítur fiskur af þorskaætt. Kolmunni er nýttur til mjöl- og lýsisvinnslu
Makrill 	Makrill er hraðsyndur úthafsfiskur sem heldur sig í torfum nálægt yfirborði. Makrill er frystur, hausaskorinn og flakaður. Afskurður er nýttur í fiskimjöl og lýsi
Loðna 	Loðna er uppsjávarfiskur sem leitar í grunnsævi til að hrygna. Loðnan er fryst og hún einnig nýtt til framleiðslu á hrognum, mjöli og lýsi
Síld 	Síld er einn algengasti fiskur á norðurhveli jarðar og finnst allt í kringum Ísland. Síldin er fryst og flökuð. Afskurður er nýttur í fiskimjöl og lýsi
Þorskur 	Þorskur er botnfiskur sem lifir á ýmsu dýpi og er hann algengastur á 100-400 m dýpi. Atlantshafsþorskurinn er algengur allt í kringum Ísland, veiddur við sunnanvert landið á fyrri helmingi ársins og við austurströndina á seinni hluta þess
Ýsa 	Ýsa finnst allt í kringum Ísland, einkum þó við suður- og suðvesturströndina en heimkynni hennar eru í Norður-Atlantshafi. Ýsan er veidd við suðurströndina fram á sumar og veidd fyrir austan til ársloka
Karfi 	Karfi er mikilvægur nytjafiskur en karfaætt telur um hundrað tegundir sem flestar lifa í Norður-Kyrrahafi en fjórar tegundir lifa í Norður-Atlantshafi. Við Ísland finnast gullkarfi, djúpkarfi og litli karfi en yfirleitt er átt við gullkarfa þegar talað er um karfa á Íslandi
Ufsi 	Ufsi er botnfiskur og er um allan sjó, algengastur á 200-250 m dýpi. Heimkynni ufsans eru beggja vegna Norður-Atlantshafs. Í norðaustanverðu Atlantshafi er hann við Austur-Grænland og Ísland og þaðan til Færeyja




Uppsjávarvinnsla

Eskja gerir út tvö skip, einn bát, fiskimjölsverksmiðju og hápróuðustu og skilvirkustu uppsjávarvinnslu sem fyrir finnst í Norður-Atlantshafi.

Eskja starfrækir hátækni uppsjávarfrystihús að Leirubakka 4, Eskifirði, sem býr yfir vinnslugetu upp á 900 tonn á sólarhring. Uppsjávarfrystihúsið var byggt árið 2016 og er 7.000 m² að stærð og árið 2020 byggði Eskja frystiklefa sem rúmar allt að 9.000 tonn til þess að styðja enn frekar við vinnsluna. Í vinnslunni er unnið til manneldis, loðna, makrill og síld sem er ýmist heilfryst, flökuð eða hausskorin.

Árið 2023 voru framleidd 25,5 þúsund tonn af uppsjávarafurðum sem er um 4 þúsund tonnum minna en á síðasta ári. Vinnsla í uppsjávarfrystihúsi stóð yfir í fimm mánuði á árinu. Vinnsla hófst með loðnuvertíð í febrúar fram í mars og var fryst um 9,7 þúsund tonn af loðnu. Á makrill og síldarvertíð sem hófst í byrjun júlí tók vinnslan á móti 10,4 þúsund tönnum af makrill til frystingar og 5,3 þúsund tonnum af síld og var vinnsla í húsinu til loka september. Vel gekk að vinna afurðir í uppsjávarvinnslu félagsins en engin vinnsla var á 4. ársfjórðungi.

Framleiddar uppsjávarafurðir



Mjöl- & lýsisvinnsla

Mjöl- og lýsisvinnsla Eskju sem staðsett er við Strandgötu 2 á Eskifirði, fór í gegnum miklar endurbætur fyrir meira en áratug en þá var verksmiðjan rafvædd og ýmis nýr búnaður keyptur í tengslum við það verkefni ásamt því að endurbyggja verksmiðjuhúsið. Árið 2022 hófust svo endurbætur á vélbúnaði verksmiðjunnar þegar bæði pressur sem voru síðan 1970 og svo 40 ára gömlum sjóðurum var skipt út og teknir í notkun í ársbyrjun 2023. Á árinu 2023 var fjárfest í nýjum skilvindum og fjárfest í nýjum og öflugum olíukatli sem leysir gamlan ketill af hólmi sem var keyptur 1978 en allar þessar fjárfestingar skila sér í betri orkunýtingu, sparnaði og umhverfisvænni vinnslu.

Á árinu tók verksmiðjan á móti 111 þús. tonnum af hráefni til vinnslu og framleiddi 22 þús. tonn af mjöli og 5,4 þús. tonn af lýsi.


Afköst eru 1.000 tonn af hráefni á sólarhring og hægt er að geyma allt að 20.000 tonn af mjöl- og lýsisafurðum í geymslum verksmiðjunnar í einu. Verksmiðjan er búin öllum besta tækja- og tæknibúnaði sem fáanlegur er til framleiðslu mjöl- og lýsisafurða. Með loftþurrkun við lágan hita getur verksmiðjan framleitt hágæðamjöl sem m.a. er notað til framleiðslu fiskeldisfóðurs.

Gæða- og umhverfiskröfur til vinnslunnar eru miklar og rekur verksmiðjan eigin rannsóknarstofu auk þess að styðjast við HACCP gæðakerfi sem tryggir að afurðir mjöl- og lýsisvinnslunnar séu ávallt af þeim gæðum sem viðskiptavinir hennar óska. Vinnslan fékk í ársbyrjun 2004 FEMAS vottun á framleiðslu sína, fyrst verksmiðja á Íslandi.


Reynt er að halda allri loftmengun í lágmarki en óhjákvæmilega kemur í einstaka tilvikum lykt frá slíkri vinnslu sem mjöl- og lýsisvinnsln er. Ef upp kemur sú staða að rafmagn frá veitu skerðist, brennir vinnslan gasolíu sem gefur frá sér mengandi lofttegundirnar CO₂ og SO₂.

Rekstrarstjóri mjöl- og lýsisvinnslunnar heldur utan um grænt bókhald verksmiðjunnar.

Framleiddar afurðir



Móttekið hráefni í verksmiðju fyrir mjöl- & lýsisvinnslu




Vinnsla á loðnuhrognum


Eskja lauk við á árinu 2022 við endurbætur á hrognavinnslu félagsins og gerði lagfæringar árið 2023. Endurbæturnar höfðu verið lengi á teikniborðinu en voru sett á bið þegar engar heimildir voru gefnar út fyrir loðnu árin 2019 og 2020. Uppbyggingin hófst í árslok 2021 og fyrsti áfangi tekin í notkun á hrognavertíðinni í mars 2022. Verkefnið fólst í að endurbyggja og stækka við löndunarhús félagsins að Marbakka 7 og reisa viðbyggingu sem hýsir hrognaskurðinn og er með afkastagetu yfir 100 tonn á klukkustund í skurð.

Samhliða því var fjárfest í auknum búnaði í hrognaverksmiðjunni að Strandgötu 14a og hún endurbætt til muna. Bætt var við fleytikörum og ýmsum búnaði og fjárfest í sjálfvirkri fiskikara þvottavél en þegar verksmiðjan er í fullum afköstum er framleiðslugetan um 15 tonn af hrognum á klukkustund eða hátt í 50 fiskikör.

Árið 2023 var framleitt 2.621 tonn af frystum hrognum.

Magn af framleiddum frystum hrognum





Helstu markaðir

Eskja selur afurðir sínar á Íslandi og á alþjóðamörkuðum og er í alþjóðlegri samkeppni. Úkraína, Georgía, Tyrkland, Pólland, Bandaríkin og Japan eru helstu markaðir fyrir afurðir félagsins. Allt lýsi og fiskimjöl er selt til Danmerkur, Noregs og Skotlands en einnig er smávægileg innanlandssala. Loðnuhrogn eru fyrst og fremst seld til Japan og annarra markaða í Asíu líkt og Kína, Taílands og Suður Kóreu.

Aflamarkskerfi í fiskveiðum, frjáls verðmyndun á innlendum fiskmörkuðum og öflugt samstarf íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja hefur styrkt samkeppnisstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Íslenskur sjávarútvegur og sérstaklega Eskja stendur þar vel að vígi.

Vottanir & gæðastýring



IFFO RS er vottunaráætlun sem staðfestir að vinnsla verksmiðju uppfyllir kröfur vottunarinnar um að hún fái hráefnið sitt á ábyrgan hátt og frá vel stýrðum fiskveiðum og umbreytir því á ábyrgan hátt í hreinar og öruggar vörur.



Marine Stewardship Council (MSC) er sjálfseignarstofnun sem hefur það að markmiði að setja staðla fyrir sjálfbærar veiðar. Sjávarútvegsfyrirtæki sem vilja sýna fram á góða stjórnarhætti og sjálfbærni miðað við staðla MSC eru metnir af teymi Conformity Assessment Bodies (CAB).



HACCP stendur fyrir „Hazard Analysis. Critical Control Point“ og byggir á aðferðafræði sem ætlað er að tryggja öryggi matvæla. Eskja er með vottað HACCP kerfi.



Vottun samkvæmt **FEMAS** sýnir að fóðurframleiðandi eða birgi hefur uppfyllt tilskilda öryggis- og gæðastaðla. Slíkt veitir bændum, búfjárframleiðendum og neytendum tryggingu fyrir því að fôðrið sem þeir nota sé framleitt á ábyrgan og öruggan hátt.



Tún er faggild eftirlits- og vottunarstofa fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu ásamt ferðaþjónustu. Vottun veitir handhafa vottunarinnar heimild til að nota vottunarkerki og tilvísun samkvæmt samningi þar um við markaðssetningu vottaðrar framleiðslu.



MarinTrust gerir sjávarútvegsfyrirtækjum kleift að öðlast viðurkenningu fyrir öflun og framleiðslu á sjávarafurðum í gegnum ákveðið ferli.





Umhverfispættir

UMHVERFISSTEFNA

Það er stefna Eskju að allir þættir í starfsemi fyrirtækisins séu í fullri sátt við umhverfi sitt. Fyrirtækið umgengst auðlindir og umhverfi af ábyrgð og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem gilda

Ávallt er stefnt að hámarksnýtingu hráefna og orkugjafa. Fyrirtækið notar efni, rekstrarvörur og umbúðir sem eru umhverfisvænar

Úrgangi og losun frá skipum og deildum er haldið í lágmarki og séð til þess að úrgangur sem til fellur sé ætíð losaður á þann hátt að ekki valdi skaða í náttúru eða umhverfi

Umhverfisáhrif

Umhverfismál eru stórt verkefni og mikil áskorun í sjávarútvegi. Eskja mun hvarvetna leita leiða til að minnka mengun frá eigin starfsemi og halda áfram að þróa rekstur sinn til sjálfbærra veiða og vinnslu.

Á síðustu áratugum hefur orðið mikil vakning á mikilvægi sambandsins milli samfélags og fyrirtækja. Það kemur sýfellt betur í ljós að starfsemi fyrirtækja fer ekki fram í einangrun frá samfélaginu, heldur eru fyrirtæki háð samfélaginu og umhverfinu sem þau starfa í. Auk þess hafa skaðleg áhrif af starfsemi fyrirtækja á umhverfið orðið skýrari en áður.

Sjávarútvegur er grunnatvinnuvegur um allt land. Á undanförunum árum hafa orðið miklar framfarir í veiðum og vinnslu, störfum hefur fækkað með nýrri tækni en að sama skapi hefur aukin tækni leitt til þess að aðstæður starfsmanna við veiðar og vinnslu eru mun betri og störfin þess vegna fjölbreyttari. Framþróun í fiskileit og þróun veiðafæra sem og meðhöndlun afla um borð hefur orðið til þess að umgengni um fiskiauðlindina er stöðugt að verða betri.

Eskja leggur áherslu á sjálfbæra meðferð auðlindarinnar og er stefna Eskju að allir þættir í starfsemi fyrirtækisins séu í fullri sátt við umhverfi sitt. Með sjálfbærri þróun er leitast við að ná jafnvægi milli samfélagslegra, efnahagslegra og umhverfislegra þátta og samþætta þá við ákvörðunartöku. Betri umgengni við auðlindir og náttúru er sameiginlegt markmið okkar allra.

Eskja hefur kortlagt helstu umhverfishætti sem félagið hefur áhrif á með starfsemi sinni með að það markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum sem mest má.

Kolefnislosun

Losun Eskju á árinu 2023 nam 31.835 tonnum koltvísýringsígilda. Þar af nam losun í umfangi 1 og 2 samtals 22.502 tonnum og losun í umfangi 3 nam samtals 9.333 tonnum. Við mælingu á kolefnisspori Eskju er notuð kolefnisreiknivél SFS sem byggir á viðurkenndri aðferðafræði The Greenhouse Gas Protocol.



Stærsti losunarpáttur Eskju árið 2023 er undir umfangi 1 þar sem mest fellur undir olíunotkun skipaflota, bifreiða, vinnuvéla og fiskimjölsverksmiðju.

Til samanburðar má nefna að heildar kolefnislosun Eskju árið 2022 var 36.517 tonn koltvísýringsígilda sem þýðir að losun Eskju hefur minnkað um 13% á liðnu ári.

Heildarorkunotkun Eskju nam 140.456.891 kWh og skiptist á milli rafmagns, heits vatns og eldsneytis. Óbein orkunotkun vegna rafmagns og notkunar á heitu vatni nam 55.994.527 kWh.

Eskja stefnir á að mæla áfram kolefnisspor með það að markmiði að draga úr losun tengdri rekstri sínum og setja sér markmið og aðgerðaráætlun.

Eskja hefur fjárfest í lausnum sem stuðla að betri nýtingu auðlinda og sjálfbærni. Vinnslan hefur verið færð í land þar sem vinnslan notar rafmagn og að sama skapi gengur frystiklefinn á Eskifirði fyrir rafmagn. Allt rafmagn sem Eskja kaupir kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum, annaðhvort vatnsafli eða jarðvarma. Eskja hefur hætt notkun á svartolíu og á sama tíma aukið hlut vistvænni orkugjafa.



Umfang 1: Olíunotkun skipaflota, bifreiða, vinnuvéla og fiskimjölsverksmiðju, áfyllingar kælimiðla á skipaflota
Umfang 2: Raforka- og heitavatnsnotkun
Umfang 3: Kolefnislosun frá virðisikeðju félagsins

Öfug orkuskipti

Mjöl- og lýsisvinnsla Eskju notar mikla orku í sinni framleiðslu og er með 22 megavött (MW) í uppsett heildarafl í fullum afköstum. Verksmiðjan notar rafmagn til að framleiða heitt loft til þurrkunar á mjöli. Eskja keyrir á rafskautsketil til framleiðslu á gufu sem er nýtt til forhitunar á lofti, á sjóðara og til hitunar á soði og lýsi. Mjöl- og lýsisvinnsla Eskju notaði upphaflega olíu í sinni framleiðslu þangað til félagið fjárfesti í 10 MW rafskautskatli og var vinnslan að fullu rafvædd árið 2012 þegar félagið fjárfesti í 10 MW rafmagnshitunarbúnaði fyrir heitloftsþurrkarana. Fiskimjölverksmiðja Eskju ásamt öðrum fiskimjölverksmiðjum á Íslandi er aðili að samningi við Landsvirkjun um notkun á ótryggri raforku en verksmiðjurnar nota mikið afl en með óreglulega notkun. Landsvirkjun getur fyrirvaraust skert afhendingu á raforku til fiskimjölverksmiðja ef aðstæður koma upp í orkubúskap þjóðarinnar sem krefst skerðingar. Afhendingaröryggi á raforku til mjöl og lýsisvinnslu á Íslandi er því takmarkað og verksmiðjurnar þurfa því að vera með uppsett varaafli til að tryggja órofinn rekstur í sinni starfsemi.

Frá árinu 2021 hafa skerðingar á raforku aukist mjög vegna stöðunnar sem er uppi í orkuöflun þjóðarinnar og í upphafi árs 2023 tók Eskja ákvörðun um að fjárfesta í nýjum olíukatli til að leysa af hólmi gamla olíukatla frá árinu 1978. Sú ákvörðun var tekin í ljósi þeirrar staðreyndar að raforkukerfi landsins er fullnýtt og fyrirhugaðar frekari skerðingar á ótryggri orku og jafnvel orkuskortur eða skömmtun sem gæti haft gríðarlegar afleiðingar fyrir rekstur fyrirtækisins. Eskja hafði fram að því og frá árinu 2012 notað eingöngu rafmagn í sinni mjöl og lýsiframleiðslu og lagt sitt af mörkunum í átt að fullum orkuskiptum Íslands.

Nýr olíuketill er með uppsett afl fyrir 13 MW og getur bæði verið knúinn af olíu eða metanóli og er mun sparneytnari og skilvirkari en gömlu katlarnir. Því má segja að félagið hafi ráðist í „öfug orkuskipti“ og er liður í að minnka útblástur og kolefnisfótspor við framleiðslu á sínum afurðum. Slík ráðstöfun skýtur skökku við að félagið þurfi að fjárfesta í búnaði sem brennur olíu til að ná markmiðum sínum í stað þess að fjárfesta frekar í búnaði sem nýtir raforku og leysir olíu af hólmi sem stuðlar að markmiði okkar Íslendinga að orkuskiptum.






Úrgangsstjórnun

Eitt af markmiðum Eskju er að endurnýta eða endurvinna eins mikinn úrgang og hægt er. Leitast er við að hafa urðun í lágmarki. Í landvinnslu er flokkað og endurnýtt eins og kostur er. Hlutfall flokkaðs rekstrarúrgangs árið 2023 var 55%. Flokkaður er pappi og plast og annar úrgangur sem fellur til, líkt og timbur, málmar og grófur úrgangur.


Heildarmagn úrgangs árið 2023 var 285.099 kg og af því voru 114.229 kg sem fóru til urðunnar en á árinu 2022 var heildarmagn úrgangs 868.499 kg sem var töluvert meira vegna niðurrifs á gamla frystihúsinu. Árið 2021 var heildarmagn úrgangs 293.580 kg.

Á sjó er úrgangi skipt upp í almennan úrgang, veiðarfæri, spilliefni og lífrænan úrgang. Lífræni úrgangurinn fer í sjóinn en Eskja leggur sitt af mörkum við hreinsun hafsins með því að taka með til hafnar allan úrgang úr sjó sem í veiðarfæri kemur.


Flokkunarhlutfall 2023



Flokkunarhlutfall 2022



Flokkunarhlutfall 2021



Endurvinnsla veiðarfæra

Samningur á vegum Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi var gerður við Úrvinnslusjóð árið 2005 um úrvinnslu á veiðarfæraúrgangi á gerviefni. Markmið samningsins er að sjávarútvegur beri ábyrgð á úrvinnslu veiðarfæra úr gerviefnum, leitist við að lágmarka áhrif á umhverfið og halda í lágmarki þeim kostnaði sem fylgir förgun á veiðarfæraúrgangi. Öll veiðarfæri Eskju fara í endurvinnslu.

Kolefnisverkefni

Eskja samdi við Skógræktina um að þróa kolefnisverkefni í landi jarðar Freyshóla á Fljótsdalshéraði árið 2021 og hyggst fyrirtækið binda kolefni með nýskógrækt á um 36 hektara svæði. Verkefnið er unnið samkvæmt forskrift Skógræktarinnar um [Skógarkolefni \(skogarkolefni.is\)](https://skogarkolefni.is) og í samræmi við [Tækniforskrift Staðlaráðs um kolefnisjöfnun](#).


Með verkefninu verða til vottaðar kolefniseiningar sem tryggja ábyrga kolefnisbindingu á móti samsvarandi losun vegna starfsemi Eskju. Árið 2023 voru 22.000 plöntur gróðursettar en fyrir var búið að gróðursetja 44.000 plöntur.

Verkefnið er umfangsmikið og félagið að stíga sín fyrstu skref í skógrækt en plönturnar munu á næstu áratugum binda sem jafngildir eins árs losun hjá fyrirtæki eins og Eskju.

Heildarfjöldinn eru 80.000 plöntur (fura 50.000, greni 28.000 og ösp 2.000) og stefnt var að því að ljúka heildargróðursetningu á árinu 2023 en þar sem það náðist ekki að fullu verða síðustu 14.000 plönturnar gróðursettar árið 2024.

Með þessu markar Eskja sér metnaðarfulla og trúverðuga stefnu út frá ábyrgri kolefnisjöfnun sem mun styðja við vegferð félagsins í átt að framtíðar kolefnishlutleysi.





Virðing fyrir lífríki sjávar

Líffræðileg fjölbreytni er hugtak sem nær yfir fjölbreytni vistkerfa og tegunda ásamt fjölbreytni innan tegunda en þá er átt við bæði útlit og erfðir. Milljónir ólíkra tegunda lífvera lifa á jörðunni. Mikilvægt er því að líffræðileg fjölbreytni fái að starfa óhindrað. Um er að ræða allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera sem finnast á jörðinni og einnig búsvæði og vistkerfi þeirra.

Heilsa mannfólksins, efnahagur og lífsviðurværi eru háð auðlindum úr náttúrunni og þar með líffræðilegri fjölbreytni. Matvælaíðnaðurinn er háður líffræðilegri fjölbreytni og eru vistkerfi sjávar og lands mörg hver mikilvæg geymslusvæði gróðurhúsalofttegunda sem losast út í andrúmsloftið vegna athafna manna og valda hlýnun.

Framtíð komandi kynslóða og uppbygging sjálfbærs samfélags er háð því að við verndum auðlindir og lífríki jarðar og stuðlum að hringrás á þeim efnum sem nú þegar hafa verið tekin úr náttúrunni.

Íslensk vistkerfi hafa sérstöðu þar sem landfræðileg lega Íslands á mörkum hlýrra og kaldra hafsvæða skapar ólíkar aðstæður í kringum landið og mótar líffræðilega fjölbreytni, vistkerfi og vistgerðir. Íslenska hafsvæðið er næringarefnaríkt sem er undirstaða þeirra miklu framleiðni sem hér er. Aðstæður á Íslandi eru sérstakar á heimsvísu og endurspeglast það í fjölbreytni og samsetningu vistkerfa, bæði í sjó, á landi og í fersku vatni.

Eskja hefur alla tíð lagt ríka áherslu á að umgangast hafið og lífríki þess af virðingu og ábyrgð í samræmi við lög og reglur. Félagið er hluti af Iceland Responsible Fisheries sem aflar vottana á veiðarfæri og fiskistofna sem nýttir eru í hafinu við Ísland. Markmiðið er að stunda sjálfbærar fiskveiðar við Íslandsstrendur og er mikil vinna lögð í að tryggja verndun fiskistofnanna sem eru uppspretta hagsældar í landinu.





Félagslegir þættir


Mannauður

Árið 2023 var fastráðið starfsfólk 87 en á vertíð bætast við tímabundið 30-40 manns. Starfsfólk Eskju starfar í fjölbreyttum störfum í heimabænum Eskifirði. Stjórnendum og starfsfólki er annað um velferð samstarfsfólks síns og leitast Eskja í hvívetna eftir að stuðla að almennri starfánægju og góðum starfsanda. Þar sem fjölskylda og nánustu aðstandendur eru ein mikilvægasta undirstaða farsæls starfsferils og árangurs í starfi kappkostar Eskja að gera starfsfólki sínu mögulegt að samræma starf og fjölskylduábyrgð.

Eskja leggur metnað sinn í að styðja við bætta líðan starfsfólks og skapa öruggan og heilbrigðan vinnustað þar sem jafnrétti er mikils metið og mannréttindi virt í hvívetna. Með hliðsjón af því, þá hefur Eskja sett fram jafnlauna- og starfsmannastefnu ásamt öryggis- og heilbrigðisáætlun.

Nánar um jafnlaunastefnu

Eskja hóf notkun á launa- og mannauðskerfinu Kjarna frá Origo í janúar 2023 en innleiðing á kerfinu hófst í lok árs 2022. Með innleiðingu á kerfinu var yfirsýn yfir mannauðsmál Eskju bætt til muna en stjórnendur hafa nú aðgang að stjórnendavef með teymis- og launaupplýsingum. Með tilkomu kerfisins eru allir ráðningasamningar nú undirritaðir rafrænt og vistast í kerfinu eftir undirritun. Starfsfólk hefur einnig aðgang að sínu eigin svæði þar sem það getur uppfært persónuupplýsingar, sótt um íþróttastyrk og fleira.





Mannréttindi

Gott starfsfólk er forsenda velgengni fyrirtækja í sjávarútvegi. Fyrirtækinu er ljós sú ábyrgð sem það ber gagnvart starfsfólki sínu og er virðing höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum innan fyrirtækisins. Lykilinn að árangri í rekstri Eskju er að búa yfir hæfu og traustu starfsfólki sem vinnur í samræmi við markmið Eskju í umhverfismálum og samfélagsábyrgð. Það er stefna Eskju að fara eftir gildandi lögum og reglum um mannréttindi sem lúta meðal annars nauðungar- og þrælkunarvinnu, barnavinnu og misrétti á vinnustöðum. Eskja mun aldrei líða vinnumansal eða barnavinnu né misbeitingu gagnvart starfsfólki (ólöglegt vinnuafli), hvorki hjá fyrirtækinu sjálfu né þeim sem fyrir Eskju starfa og eða víðar í virðiskeðjunni.

Einelti eða ofbeldi af nokkru tagi er ekki liðið innan félagsins og hefur Eskja útbúið verkferla til að taka á slíkum málum ef upp koma. Allt starfsfólk fyrirtækisins leggur sitt af mörkum til að fyrirbyggja neikvæða hegðun og stuðla að góðum samskiptum, starfsánægju og öruggu umhverfi.

Eskja virðir rétt starfsfólks til félagafrelsis og kjarasamninga og fer í launa-, kjara- og réttindamál að ákvæðum kjarasamninga viðkomandi stéttarféлага. Þar sem kjarasamningar kveða ekki á um launakjör starfsfólks taka laun mið af inntaki starfa, álagi, hæfni og árangri starfsfólks. Eskja tryggir að launagreiðslur og réttindamál starfsmanna séu ávallt í samræmi við gildandi kjarasamninga.

Öryggismál

Eskja leggur mikið upp úr vinnuvernd og öryggismálum. Starfsfólk er skylt að fylgja lögum um öryggi og aðbúnað á vinnustað, ásamt því að fylgja því verklagi og reglum sem Eskja hefur sett. Það er jafnt á ábyrgð stjórnenda sem starfsfólks að farið sé að þeim kröfum sem gerðar eru um öryggi og aðgát í starfi.

Eskja hefur gefið út öryggishandbók og sett fram öryggis- og heilbrigðisáætlun og er með því leitast við að tryggja að vinnuverndarstarf fyrirtækisins verði skipulagt og markvisst. Öryggisnefnd Eskju, sem er 4-6 manna yfirnefnd, starfar í umboði framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á að uppfæra, innleiða og fylgja eftir því skipulagi sem fram kemur í handbókinni. Öryggisnefnd ber ábyrgð á að kynna stjórnendum Eskju skipulag og viðmið sem fram kemur í handbókinni og er viðmið fyrir alla starfsemina. Það er á ábyrgð stjórnenda hvernar rekstrareininga að innleiða öryggis- og heilbrigðisáætlun, kynna hana fyrir starfsfólki sínu og sjá til þess að farið sé eftir þeim reglum og viðmiðum sem þar koma fram. Hver rekstrareining skal tilnefna sinn öryggisráðgjafarmann í öryggisnefnd. Tilkynna skal til öryggisnefndar Eskju hvernig skipulagi er háttað og nöfn á tengiliðum.

Eskja stuðlar að bættri öryggisvitund með fræðslu til starfsfólks. Lögð er áhersla á að allt starfsfólk Eskju sýni ábyrgð í verki og hafi stöðugt í huga áhættu- og álagsþætti sem fylgja störfum þeirra.

Árið 2023 voru tilkynnt fjögur vinnuslys, tveimur færri en árið áður. Þrjú slys áttu sér stað í uppsjávarvinnslu og eitt í mjöl- og lýsisvinnslu. Í maí 2023 var umhverfisslys þegar mannleg mistök í verksmiðju mjöl- og lýsisvinnslu varð til þess að lýsi fór í sjóinn. Verkferlar fóru strax af stað og farið var í hreinsunarstarf ásamt Heilbrigðiseftirliti Austurlands sem gekk vel og hafði ekki nein skaðleg áhrif á lífríkið. Samkvæmt fuglafræðingi sem birti skýrslu um slysið hafði það ekki áhrif á fuglalíf. Markmiðið er alltaf að starfsemi félagsins sé slysalaus.

Fræðsla

Þekking og hæfni starfsfólks er grundvöllur árangursríks atvinnulífs. Mikilvægt er að hlúa vel að mannauðnum og þróun hans þar sem hann er talinn vera verðmætasta auðlind fyrirtækisins. Mannauður og atvinnulíf haldast þétt í hendur og nær þróun mannauðs yfir breytt svið og má þar nefna þjálfun, fræðslu, þróun, símenntun, endurmenntun, starfsferla o.fl.

Eskja heldur reglulega námskeið sem nýtast starfsfólki í starfi. Starfsfólk er hvatt til þess að miðla þekkingu sinni áfram til annars starfsfólks. Öllu starfsfólki Eskju býðst aðgangur að fræðslusafni Akademias en það samanstendur af 120 rafrænum námskeiðum. Í fræðslusafni Akademias eru fjölbreytt og skemmtileg námskeið þar sem allt starfsfólk ætti að finna eitthvað við sitt hæfi. Námskeiðin nýtast meðal annars til þess að efla sig í starfi, fræðast um heilsutengd málefni, sjálfbærni og sér til skemmtunar. Eskja innleiddi einnig á árinu fræðslukerfið learncove en með slíku fræðslukerfi hafa stjórnendur betri yfirsýn yfir þátttöku starfsmanna ásamt því að geta útbúið eigin námskeið.

Eskja heldur námskeið einu sinni á ári fyrir vinnslur félagsins. Námskeiðið er haldið sérstaklega fyrir nýtt starfsfólk í vinnslu en fastráðið starfsfólk mætir einnig á námskeiðið til endurmenntunar. Sjómenn fara reglulega á öryggisnámskeið.



Persónuvernd

Eskju er umhugað um persónuvernd og öryggi þeirra gagna sem félagið er með undir höndunum hverju sinni. Eskja safnar upplýsingum um starfsfólk, viðskiptavini og birgja sem félaginu er skylt að varðveita í samræmi við lög og reglur, kjarasamninga, ráðningarsamninga, samþykki einstaklings eða vegna annarra lögmætra hagsmuna Eskju.



Jafnréttismál

Jafnréttisáætlun Eskju á að tryggja fullt jafnrétti milli kvenna og karla á vinnustaðnum með það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsfólks til fulls án þess að kynbundin mismunur eigi sér stað. Hver einstaklingur er metinn að eigin verðleikum. Tryggja skal að starfsfólki sé ekki mismunað á nokkurn hátt svo sem vegna kyns, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynhneigðar, litarháttar, kynþáttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs og stöðu að öðru leyti. Jafnréttisáætlun Eskju miðar einnig að því að auka almenna starfsánægju og bæta starfsanda. Þá eru í stefnunni markmið og aðgerðir sem lúta að ákvæðum jafnréttislaga.


Í samræmi við lög nr. 150/2020 hefur Eskja öðlast jafnlaunavottun, sem staðfestir að jafnlaunakerfi fyrirtækisins og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðals ÍST 85 2012. Það er stefna Eskju að allt starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá félaginu.

Í júlí 2023 fór Eskja í viðhaldsvottun á jafnlaunakerfinu. Greining var gerð á launum í apríl og kom í ljós 0,4% óútskýrður launamunur körlum í hag. Þessi 0,4% launamunur er síðan útskýrður. Árið 2023 voru föst stöðugildi 87 manns hjá Eskju, 15% konur og 85% karlar. Kynjahlutfallið árið 2022 var jafnara, en þá var starfsfólk samansett af 23% konum og 77% körlum.




JAFNLAUNAVOTTUN

Kynjaskipting



Hlutfall stjórnenda



ESKJA STYÐUR VIÐ BÆTTA HEILSU OG VELLÍÐAN



Velferðarþjónusta



Líkamsræktarstyrkur



Heilsufarsskoðun



Aðgengi að trúnaðarlækni

Líf & fjör

Góðar samverustundir með starfsfólki og fjölskyldum þeirra er mikilvægt fyrir Eskju. Starfsfólk og stjórnendur halda uppi lífi og fjöri við tækifæri og má þar nefna starfandi spilaklúbb, tónleika, bingó, hrekkjavöku, jólaskemmtun og fleira.

Eskja heldur einnig árlega árhátíð og einstaka starfsmannafélög innan félagsins eru einnig dugleg að skipuleggja viðburði.

Sjómannadagurinn er einnig haldinn hátíðlegur, öskudagur og fleiri viðburðir tengdu árlegu almanaksári.

Það er mikilvægt að starfsfólki líði vel á vinnustað og gleðin fái að taka við völd utan þess.





Samfélagsverkefni

Árið 2023 veitti Eskja samfélagsstyrki að fjárhæð 26,5 milljónir króna og leggur þar af leiðandi sitt af mörkum til nærsamfélagsins. Eskja styrkir góð samfélagsleg málefni í heimabyggðinni og er dyggur stuðningsaðili æskulýðsstarfs. Sem dæmi þá er Eskja með samstarfs- og styrktarsamning við Ungmennafélagið Austra og dyggur styrktaraðili Knattspyrnufélags Austfjarða.

Eskja tekur þátt í ýmsum samfélagsverkefnum í heimabyggð eins og sjómannadeginum og öðrum bæjarhátíðum, styður við íþróttastörf og björgunarsörf.



Samfélagsstyrkir Eskju 2023	m.kr.
Íþróttir	9,2
Menning	11,3
Hjálparstarf	2,3
Menntun	1,3
Félagasamtök	1,9
Stjórnmalaflokkar	0,5
Samtals	26,5



Stjórnarhættir

Stjórn & stjórnarhættir

Rekstur Eskju er háður ítarlegu regluverki og er undir opinberu eftirliti stofnana hvað varðar rekstur skipaflota, vinnslu- og gæðamál. Eskja leggur áherslu á að fylgja skýrum verkferlum til að tryggja að reksturinn uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglum.

Stjórnarhættir félagsins taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Eskja aðlagar stjórnarhætti sína að leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins sem tóku gildi 1. júlí 2021.

Eskja telst nú sem eining tengd almannahagsmunum, sbr. e. lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal það gert eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Sú nefnd skal m.a. hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, eftirlit með virkni og skipulagi innra eftirlits og áhættustýringar og hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings félagsins. Endurskoðunarnefndin gefur stjórn álit sitt á reikningsskilunum áður en þau eru lögð fram til samþykktar stjórnar. Jafnframt gerir endurskoðunarnefnd tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki og skal nefndin meta óhæði sem og hafa eftirlit með öðrum störfum ytri endurskoðanda.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum Eskju á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstrinum. Stjórn leggur áherslu á góða stjórnarhætti og að starf stjórnar og félagsins sé ávallt samkvæmt lögum, reglum og góðum viðskiptaháttum. Að loknum aðalfundi sem kýs stjórnina skal hún strax koma saman til fundar og kjósa sér formann. Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd félagsins út á við nema hann ákveði annað.

Stjórnin kemur reglulega saman samkvæmt ákvörðun stjórnarformanns. Formanni er skylt að boða fundi ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri krefst þess. Aðalfundur félagsins var haldinn 30. maí 2023 og er stjórnin skipuð af fimm aðalmönnum ásamt tveimur varamönnum. Alls voru haldnir sjö stjórnarfundir árið 2023 og var full mæting á alla fundi.

Daglegur rekstur er í höndum stjórnenda Eskju í samræmi við stefnu og ákvarðanir stjórnar. Farið er yfir uppgjör og áætlanagerð reglulega sem hluta af innra eftirliti með rekstri félagsins.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins og fer með ákvörðunarvald í málefnum sem ekki eru falin öðrum eða falla undir verksvið stjórnar eðli málsins samkvæmt.



Helstu áhættuþættir

Helstu áhættuþættir í starfsemi félagsins er staða fiskistofna sem félagið veiðir og þá sérstaklega uppsjávar deilistofna sem Ísland nýtir ásamt öðrum strandríkjum. Ofveiði á uppsjávartegundum og breyting á göngumynstri ásamt breytingum á lífríki er áhættuþáttur sem félagið býr við. Miklar sveiflur geta verið í úthlutun einstakra stofna og hefur Eskja aðlagð viðskiptamódel sitt með þeim hætti að geta brugðist við miklum sveiflum í úthlutun helstu nytjastofna fyrirtækisins. Félagið hefur einbeitt sér að veiðum og vinnslu uppsjávartegunda og munu framtíðarhorfur félagsins ráðast af þróun helstu nytjategunda Eskju sem eru loðna, kolmunni, makrill og síld. Mikil eftirspurn er eftir afurðum félagsins og eru horfur góðar á mörkuðum en óvissa er uppi með helstu deilistofna fyrirtækisins sökum þess að samkomulag um skynsama nýtingu á milli strandríkjanna hefur ekki náðst.

Áhætta vegna loftslagsbreytinga eykst sífellt og mun Eskja leita leiða til meta áhrifin á rekstur félagsins, bæði út frá umbreytingaráhættu (e. transition risk) sem og raunlægri áhættu (e. physical risk). Mun félagið skoða möguleikann á að beita svokallaðri tvöfaldri mikilvægisgreiningu (e. double materiality) við að meta slíkt en slík greining mun auðvelda stjórnendum að stýra betur þessum áhættuþætti en slíkt verður lagakrafa með nýjum sjálfbærnireglugerðum (sjá fyrri kafla þess efnis).

Einnig eru áhættuþættir í rekstri Eskju tengdir tekjustreymi, fjármögnun og gengis- og vaxtaáhættu. Stjórnendur hafa heimild til að gera framvirka samninga til að takmarka gengis- og vaxtaáhættu. Einnig hefur áhætta tengd orkunotkun skipaflotans aukist í kjölfar hækkandi olíuverðs. Auk þess mun áframhaldandi raforkuskortur leiða til meiri brennslu á jarðefnaeldsneyti vegna fiskimjöl og lýsisvinnslu. Slíkt þýðir hærri kolefnisspor Eskju sem vinnur gegn umhverfismarkmiðum félagsins.


Með hliðsjón af því að mikilvægar tegundir eru nýttar af fleiri en íslenskum útgerðum bera slíkir deilistofnar áhættu tengdri við nýtingu og ofveiði umfram stofna sem einungis eru nýttir innan íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Áhættumat er einnig grundvöllur fyrir vinnuverndarstarfi sem felur í sér forgangs röðun áhættuþátta, áhættustýringu og úrbótaferli. Áhættumat þarf að ná til allra þátta í vinnuumhverfi sem geta ógnað heilsu og öryggi starfsmanna. Áhættumat er liður í áætlun vinnustaðarins um öryggi og heilbrigði.

Stjórnin mótar stefnu, setur markmið og skilgreinir lykiláhættu í rekstri Eskju og með hvaða hætti brugðist verði við þeirri áhættu sem um ræðir. Stjórnendur hafa virkt eftirlit með áhættuþáttum sem hafa áhrif á rekstur og afkomu félagsins. Áhættustýring og innra eftirlit er samofið allri starfsemi félagsins með þann tilgang að gera auðveldara fyrir stjórnendur að hafa umsjón með rekstrinum. Stjórnin sér til þess að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits sem er formlegt, skjalfest og virkni þess reglulega yfirfarin.



Eignarhald



Skipurit



Stjórn



Erna Þorsteinsdóttir

Stjórnarformaður

Erna hefur gegnt stöðu stjórnarformanns frá 2009. Hún útskrifaðist sem viðskiptafræðingur með áherslu á markaðssamskipti við Háskólann á Bifröst. Hún var annar eigenda útflutningfyrirtækisins Fiskimiða ehf. sem varð dótturfyrirtæki Eskju 2009 og nefnist nú Eskja Sales & Export þar sem Erna er framkvæmdastjóri. Erna telst háð félaginu og daglegum stjórnendum þess og telst háð stórum hluthafa félagsins samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.



Daði Þorsteinsson

Meðstjórnandi

Daði hefur starfað hjá félaginu síðan 1988. Hann brautskráðist með skipstjórnarpróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík 1998 og hefur verið starfandi sem skipstjóri á Aðalsteini Jónssyni frá 2006. Daði telst háður félaginu og daglegum stjórnendum þess, auk þess að teljast háður stórum hluthafa félagsins samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.



Aðalsteinn Jónsson Þorsteinsson

Meðstjórnandi

Aðalsteinn er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og hefur starfað við hin ýmsu störf tengt sjávarútvegi. Aðalsteinn vann sem sjómaður með námi, bæði á Hólmaborg SU 11 og frystiskipinu Aðalsteini Jónssyni SU 11 áður en hann hóf störf sem sölumaður á ferskum fiski hjá Tros, dótturfélagi Iceland Seafood International. Aðalsteinn var framkvæmdarstjóri Rekstrarfélags Eskju sem rak bolfisksvinnslu Eskju í Hafnarfirði frá árinu 2010 til ársins 2017. Aðalsteinn telst háður félaginu og daglegum stjórnendum þess, auk þess að teljast háður stórum hluthafa félagsins samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.



Helga Sigurrós Valgeirsdóttir

Meðstjórnandi

Helga Sigurrós útskrifaðist sem sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum á Akureyri árið 2004 og með meistaraþróf í alþjóðaviðskiptum við Grenoble Graduate School of Business árið 2009. Hún hefur einnig lokið námskeiði sem viðurkenndur stjórnarmaður og er með vottun í verkefnastjórnun. Hún hefur komið við á ólíkum stöðum í atvinnulífinu þó alltaf sjávarútvegstengt, lengst af í stjórnsýslunni hjá Fiskistofu og sjávarútvegsráðuneytinu en nú síðustu ár hjá Arion banka þar sem hún gegnir ýmsum störfum sem tengjast sérhæfingu hennar í sjávarútvegi og fiskeldi. Samhliða hefur hún gegnt stjórnarstörfum bæði í atvinnulífinu og fyrir félagasamstök. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptavinina félagsins, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa.



Einar Þór Sverrisson

Meðstjórnandi

Einar Þór útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands 1999. Hann varð héraðsdómslögmaður 2002 og fékk réttindi til málflyttings fyrir Hæstarétti 2008. Einar Þór hefur verið viðriðinn íslenskt atvinnulíf frá tvítugsaldri og hefur setið í stjórnnum nokkurra stærstu fyrirtækja landsins. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptavinina félagsins, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa.

Stjórnendur



Þorsteinn Kristjánsson

Forstjóri

Þorsteinn hefur starfað hjá fyrirtækinu í næstum fjóra áratugi. Þorsteinn tók við stöðu forstjóra 2009 en þar áður gegndi hann stöðu stjórnarformanns og var jafnframt skipstjóri hjá félaginu. Þorsteinn brautskráðist með skipstjórnarpróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík 1976 og hefur mikla starfsreynslu í sjávarútvegi.



Páll Snorrason

Framkvæmdastjóri

Páll hefur starfað hjá Eskju frá 2006. Hann útskrifaðist með cand.oecon gráðu frá Háskóla Íslands og lauk MBA-námi frá IESE í Barcelona. Hann starfaði á endurskoðunarsviði KPMG og sem sérfræðingur á fjármála-sviði Actavis Group áður en hann kom til starfa hjá Eskju.



Benedikt Jóhannsson

Yfirmaður landvinnslu

Benedikt hefur mikla reynslu hjá Eskju, hann hefur starfað hjá félaginu frá 1979. Benedikt hefur gegnt ýmsum störfum fyrir félagið, þar á meðal sem verkstjóri, framleiðslustjóri og útgerðarstjóri.



Haukur Jónsson

Rekstrarstjóri mjöl- og lýsisvinnslu

Haukur hóf störf hjá Eskju 1978 og hefur þar gegnt ýmsum störfum áður en hann var ráðinn rekstrarstjóri árið 1996. Haukur situr í stjórn félags íslenskra fiskimjöls-framleiðenda fyrir hönd Eskju.



Sigrún Ísaksdóttir

Skrifstofustjóri

Sigrún hóf störf sem skrifstofustjóri í febrúar 2018. Hún vann áður sem þjónustustjóri hjá Arion Banka. Sigrún er útskrifaður viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri, er vottaður fjármálaráðgjafi og er með meistaraþráðu í forystu og stjórnun frá Háskólanum á Bifröst.



Hlynur Ársælsson

Rekstrarstjóri uppsjávarfrystihúss

Hlynur hefur stundað sjómennsku frá unglingsárum og vann á öllum skipum Eskju á árunum 1991-2005. Hlynur starfaði hjá Samherja í áratug áður en hann snéri aftur til Eskju sem verkstjóri í uppsjávarvinnslu fyrirtækisins. Hann tók 2017 við stöðu rekstrarstjóra.



Baldur Einarsson

Útgerðarstjóri

Baldur er menntaður sjávarútvegsfræðingur frá Háskólanum á Akureyri. Hann starfaði sem aðstoðar sölustjóri Atlantic Fresh í Grimsby og Hull. Eftir það var hann háseti á frystiskipi Eskju. Áður en Baldur tók við sem útgerðarstjóri árið 2017 starfaði hann sem sérfræðingur hjá MAST.



Bjarki Pétursson

Sölustjóri

Bjarki er með BSc gráðu í sjávarútvegsfræði frá Háskólanum á Akureyri en hann útskrifaðist þaðan árið 2020. Í kjölfar útskriftar hóf hann störf við sölu á ferskum fisk hjá Iceland Seafood til ársins 2023 áður þá tók hann við starfi sölustjóra hjá Eskju.



Markmið 2024

MARKMIÐ 2024

					
Selja fiskiskipið Jón Kjartansson gamla og setja í brotajárn og koma endurnýtanlegu efni í endurvinnslu.	Auka kolefnisbindingu framtíðarinnar með gróðursetningu 14.000 trjáa til viðbótar við þau 68.000 tré sem búið er að gróðursetja.	Halda áfram að vinna með jafnlaunamál innan félagsins og fara í gegnum viðhaldsvottun á kerfinu, en markmiðið er að enginn óútskýrður kynbundinn launamunur sé til staðar.	Setja upp námskeið og virkja fræðslu starfsfólks við notkun á fræðslukerfinu LearnCove sem var innleitt árið 2023.	Greina birgja í virðiskeðju út frá UFS viðmiðum og kalla eftir upplýsingum um kolefnisspor, jafnréttismál, stefnum um aðgerðir til að sporna við nauðungar- og barnavinnu og siða-reglum. Senda formlega könnun og hefja birgjamat.	Tryggja hlíttni við nýjar sjálfbærnireglugerðir ESB bæði hvað varðar innleiðingu á flokkunar-reglugerðina (e. EU Taxonomy) út frá gildandi kröfum á sjávarútveg og hvað varðar tilskipun um sjálfbærniupplýsingagjöf stórra og skráðra fyrirtækja (CSRD) með því að hefja ferli við tvöfalda mikilvægisgreiningu og setja fram viðeigandi aðgerðar-áætlun henni tengt.



Yfirlitstöflur

Umhverfisuppgjör 2023

Kolefnisuppgjör	Eining	2023	2022	2021
Umfang 1	tCO ₂ i	21.978	26.133	23.574
Umfang 2	tCO ₂ i	524	376	357
Umfang 3	tCO ₂ i	9.333	10.008	9.458
Kolefnisspor heild	tCO₂i	31.835	36.517	33.390

Orkunotkun				
Raforkunotkun	kWH	53.420.814	38.359	36.411.453
Orka frá heitu vatni til húshitunar	kWH	2.573.713	2.754.282	2.401.345
Heildarorkunotkun	kWH	55.994.527	41.114.186	38.812.798

Eldsneytisnotkun				
Eldsneytisnotkun bifreiða og tækja	lítr.	17.398	28.142	25.516
Eldsneytisnotkun fiskimjölsverksmiðja	lítr.	1.142.114	2.590.979	1.068.288
Eldsneytisnotkun uppsjávarskipa	lítr.	6.697.580	6.776.699	8.840.337
Eldsneytisnotkun netabáta	lítr.	6.567	6.365	12.306
Heildareldsneytisnotkun	lítr.	7.863.659	9.402.185	9.946.447

Flokkun úrgangs				
Flokkaður úrgangur	kg	137.870	587.349	241.740
Óflokkaður úrgangur	kg	114.229	281.100	51.840
Heildarmagn úrgangs	kg	252.099	868.449	293.580

Veiði				
Veiði uppsjávarskipa	tonn	105.675	98.591	79.823
Veiði netabáts	tonn	119	113	230
Heildarveiði	tonn	105.794	98.704	80.053

Veiði uppsjávarafurða				
Loðna	tonn	34.867	40.757	18.603
Kolmunni	tonn	45.794	31.517	30.413
Makrill	tonn	13.435	13.153	13.898
Síld	tonn	9.408	13.164	16.730
Annað	tonn	2.171	12	179
Samtals	tonn	105.675	98.603	79.823

Eldsneytisnotkun eftir tegund	Eining	2023	2022	2021
Loðna	lítr.	1.014.000	2.150.000	897.510
Kolmunni	lítr.	3.474.080	1.988.000	2.865.000
Makrill	lítr.	1.852.500	2.122.600	2.623.000
Síld	lítr.	357.000	472.000	972.530
Samtals	lítr.	6.697.580	6.732.600	7.358.040

Oliunotkun/veitt tonn (VT) eftir tegund				
Loðna	lítr./VT	29	53	48
Kolmunni	lítr./VT	76	63	94
Makrill	lítr./VT	138	161	189
Síld	lítr./VT	38	36	58
Heildar oliunotkun/veitt tonn (VT)	lítr./VT	63	68	92

Losun GHJL eftir tegund				
Loðna	tCO ₂ i	2.819	5.977	2.495
Kolmunni	tCO ₂ i	9.658	5.527	7.965
Makrill	tCO ₂ i	5.150	5.901	7.292
Síld	tCO ₂ i	922	1.312	2.704
Heildar losun GHJL	tCO₂i	18.619	18.717	20.455

Losun GHJL/veitt tonn (VT) eftir tegund				
Loðna	tCO ₂ i/VT	0,08	0,15	0,13
Kolmunni	tCO ₂ i/VT	0,21	0,18	0,26
Makrill	tCO ₂ i/VT	0,38	0,45	0,52
Síld	tCO ₂ i/VT	0,11	0,10	0,16
Heildar GHJL/veitt tonn (VT)	tCO₂i/VT	0,18	0,19	0,26

Framleiðsla í verksmiðjum				
Uppsjávarvinnsla	tonn	25.925	29.946	35.460
Hrognavinnsla	tonn	2.689	940	838
Mjöl og lýsisvinnsla	tonn	110.936	104.993	64.578
Samtals	tonn	139.559	135.879	100.876

Verðmæti afla				
Aðalsteinn Jónsson	ísk mkr.	3.050	2.465	1.855
Jón Kjartansson	ísk mkr.	2.880	2.223	1.804
Samtals	ísk mkr.	5.930	4.688	3.659

Tilvísunartafla GRI

Lýsing	Tilvísun	Uppfyllt	Heiti kafla
Heiti skipulagsheildarinnar	102-1	Já	Um skýrsluna
Starfsemi, vörumerki, vörur og þjónusta	102-2	Já	Um Eskju
Staðsetning höfuðstöðva	102-3	Já	Um Eskju
Staðsetning rekstrar	102-4	Já	Um Eskju
Eignarhald og félagagögn	102-5	Já	Stjórnarhættir
Markaðir í þjónustu	102-6	Já	Starfsemi Eskju
Stærð skipulagsheildar	102-7	Já	Um Eskju
Upplýsingar um starfsfólk og aðra starfskrafta	102-8	Já	Stjórnarhættir
Aðfangakeðja	102-9	Já	Um Eskju
Verulegar breytingar á skipulagsheildinni og aðfangakeðju hennar	102-10	Já	Stjórnarhættir - skipurit
Varúðarregla eða nálgun	102-11	Nei	
Innleiðing utanaðkomandi frumkvæðis	102-12	Nei	
Aðild að samtökum	102-13	Já	Um Eskju
Yfirlýsing frá æðsta ákvörðunartaka	102-14	Já	Stjórnarhættir
Helstu áhrif, áhætta og tækifæri	102-15	Já	Stjórnarhættir
Gildi, meginreglur, staðlar og atferlissviðið	102-16	Já	Félagslegir þættir
Ferli fyrir ráðleggingar og mál tengd siðferði	102-17	Já	Félagslegir þættir
Stjórnskipulag	102-18	Já	Stjórnarhættir
Framsál valds	102-19	Já	Stjórnarhættir
Ábyrgð á framkvæmdarstjórnarstigi á efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum markmiðum	102-20	Nei	
Ráðgefandi hagsmunaaðilar fyrir efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg málefni	102-21	Nei	
Samsetning æðstu stjórnar og nefnda hennar	102-22	Já	Stjórnarhættir
Formaður æðstu stjórnar	102-23	Já	Ávarp framkvæmdastjóra
Tilnefning og val á æðstu stjórn	102-24	Já	Stjórnarhættir
Hagsmunaárekstrar	102-25	Nei	
Hlutverk æðstu stjórnar við framsetning tilgangs, gilda og stefnu	102-26	Já	Stjórnarhættir
Sameiginleg þekking æðstu stjórnar	102-27	Já	Stjórnarhættir
Mat á frammistöðu æðstu stjórnar	102-28	Nei	
Auðkenning og stjórnun á efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum áhrifum	102-29	Nei	
Markvirkni áhættustjórnunarferla	102-30	Nei	
Efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg rýni á efnistöðum	102-31	Nei	
Hlutverk æðstu stjórnar við skýrslugjöf og sjálfbærni	102-32	Nei	
Upplýsingargjöf um mikilvæg málefni	102-33	Nei	
Eðli og heildarfjöldi mikilvægra málefna	102-34	Nei	
Stefnur um þóknun	102-35	Nei	
Ferli til að ákvarða þóknun	102-36	Nei	
Þátttaka hagsmunaraðila í ákvörðunum um þóknunir	102-37	Nei	
Árlegt heildarhlutfall launagreiðslna	102-38	Nei	
Prósentuhækkun á árlegu heildarhlutfalli launagreiðslna	102-39	Nei	
Listi yfir hópa hagsmunaaðila	102-40	Nei	
Sameiginlegir kjarasamningar	102-41	Nei	

Tilvísunartafla GRI

Lýsing	Tilvísun	Uppfyllt	Heiti kafla
Auðkenning og val á hagsmunaaðilum	102-42	Nei	
Verklag við virkjun hagsmunaaðila	102-43	Nei	
Helstu efnistöð og málefni	102-44	Nei	
Aðilar sem eru hluti af samstæðureikningsskilum	102-45	Já	Um skýrsluna
Skilagreining á efni skýrslu og mörkum efnistaka	102-46	Já	Um skýrsluna
Listi yfir viðfangsefni	102-47	Já	Efnisyfirlit
Ítrekun upplýsinga	102-48	Nei	
Breytingar á skýrslugjöf	102-49	Já	Um skýrsluna
Tímabil skýrslugjöf	102-50	Já	Um skýrsluna
Dagsetning nýjustu skýrslu	102-51	Já	Um skýrsluna
Tíðni skýrslugjafar	102-52	Já	Um skýrsluna
Tengiliður vegna upplýsingagjafar um skýrsluna	102-53	Já	Um skýrsluna
Staðhæfingar um skýrslugjöf í samræmi við GRI staðla	102-54	Já	Um skýrsluna
GRI efnisvísir	102-55	Já	Um skýrsluna
Ytri trygging	102-56	Nei	
Útskýring á viðfangsefni og mörkum þess	103-1	Nei	
Stjórnunarnálgunin og bættir hennar	103-2	Nei	
Mat á stjórnunarnálguninni	103-3	Nei	
Beint og efnahagslegt virði sem er skapað og dreift	201-1	Já	Um Eskju - skattslóð
Fjárhagsleg áhrif og önnur áhætta og tækifæri sökum loftslagsbreytinga	201-2	Já	Umhverfisþættir og Stjórnarhættir
Skilgreint fyrirkomulag skuldbindinga um bætur og annað fyrirkomulag eftirlauna	201-3	Nei	
Fjárhagsaðstoð frá stjórnvöldum	201-4	Nei	
Hlutföll almennra byrjunarlauna eftir kyni samanborið við staðbundin lágmarslaun	202-1	Nei	
Hlutfall æðstu stjórnenda sem eru ráðnir úr nærsamfélaginu	202-2	Nei	
Innviðafjárfestingar og þjónusta sem stutt er við	202-3	Nei	
Veruleg óbein efnahagsleg áhrif	202-4	Já	Um Eskju - Verðmætasköpun, skattslóð
Hlutfall útgjalda til birgja í nærsamfélaginu	204-1	Nei	
Mat á rekstri vegna áhættu sem tengist spillingu	205-1	Nei	
Samskipti og þjálfun um stefnur og verklagsreglur gegn spillingu	205-2	Nei	
Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir er gripið var til	205-3	Nei	
Lagalegar aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun, hringamyndun og einokunaraðgerðum	206-1	Nei	
Efni sem notuð eru eftir þyngd og rúmmáli	301-1	Nei	
Endurunnið hráefni sem notað er	301-2	Nei	
Endurvinnanlegar vörur og efni notað í umbúðir þeirra	301-3	Nei	
Orkunotkun innan skipulagsheildarinnar	302-1	Já	Umhverfisþættir
Orkunotkun utan skipulagsheildarinnar	302-2	Já	Umhverfisþættir
Orkukæfni	302-3	Já	Umhverfisþættir
Minnkun á orkunotkun	302-4	Nei	
Minnkun á orkuþörf vöru og þjónustu	302-5	Nei	
Vatnstaka eftir vatnsbólum	303-1	Nei	
Veruleg áhrif á vatnsbóli vegna vatnstöku	303-2	Nei	
Vatn endurunnið og endurnýtt	303-3	Nei	
Rekstrarstaðir í eigu, leigðir, stjórnað á, eða við skilgreind verndarsvæði auk annarra svæða með mikinn líffræðilegan fjölbreytileika	304-1	Nei	

Tilvísunartafla GRI

Lýsing	Tilvísun	Uppfyllt	Heiti kafla
Veruleg áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika af starfsemi, vöru og þjónustu	304-2	Nei	
Varin eða endurheimt búsvæði	304-3	Nei	
Fjöldi tegunda á valista IUCN RED og tegundir í innlendum verndarflokki á áhrifsvæði rekstrar	304-4	Nei	
Bein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)(Umfang 1)	305-1	Já	Umhverfisþættir
Óbein orkulosun gróðurhúsalofttegunda (GHL)(Umfang 2)	305-2	Já	Umhverfisþættir
Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)(Umfang 3)	305-3	Já	Umhverfisþættir
Styrkur á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	305-4	Nei	
Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL)	305-5	Nei	
Losun ósoneyðandi efna	305-6	Nei	
Losunköfnunarefnisoxíðs (NOX), brennisteinsoxíðs (SOX) og önnur veruleg losun lofttegunda	305-7	Nei	
Losun vatns eftir gæðum og áfangastað	306-1	Nei	
Úrgangur eftir tegund og förgunaraðferð	306-2	Já	Umhverfisþættir – Úrgangsstýring
Verulegur leki	306-3	Nei	
Flutningur á hættulegum úrgangi	306-4	Nei	
Vatnshlot sem verða fyrir áhrifum af losun vatns og/eða afrennsli	306-5	Nei	
Ekki farið að umhverfislögum og reglum	307-1	Já	Umhverfisþættir
Nýir birgjar sem voru skimaðir með því að notast við umhverfisviðmið	308-1	Nei	
Neikvæð umhverfisáhrif í aðfangakeðjunni og aðgerðir sem gripið var til	308-2	Já	Umhverfisþættir
Nýráðningar starfsmanna og starfsmannavelta	401-1	Nei	
Fríðindi fyrir starfsfólk í fullu starfi en ekki fyrir starfsfólk í hluta eða tímabundnu starfi	401-2	Nei	
Foreldraorlof	401-3	Nei	
Lágmarks uppsagnafrestur ef breytingar verða á rekstri	402-1	Nei	
Fyrirsvar í formlegum og sameiginlegum heilsu- og öryggisnefndum stjórnenda og starfskrafta	403-1	Nei	
Tegundir og tíðni meiðsla, atvinnusjúkdómar, fjarverudagar og fjöldi vinnutengdra dauðsfalla	403-2	Já	Félagslegir þættir - Öryggismál
Starfskraftar með háa tíðni eða í mikilli hættu á að þróa með sér starfstengda sjúkdóma	403-3	Nei	
Efnistöð er varðar heilsu- og öryggismál sem fjallað er um í formlegum samningum við stéttarfélag	403-4	Já	Félagslegir þættir - Öryggismál
Árlegur meðalfjöldi klukkustunda í þjálfun á hvern starfsmann	404-1	Nei	
Áætlanir um símenntun starfsmanna og stuðningur við breytingar	404-2	Já	Félagslegir þættir – Fræðsla
Hlutfalla starfsmanna sem fær reglulega rýni á frammistöðu og starfsþróun	404-3	Nei	
Fjölbreytileiki stjórna og starfsmanna	405-1	Já	Félagslegir þættir - Mannauður og Jafnréttismál
Hlutfall grunnlauna og þóknana kvenna í samanburði við karla	405-2	Já	Félagslegir þættir - Kynjaskipting eftir starfstítlum
Atvik um mismun og framkvæmdar úrbætur	406-1	Nei	
Rekstur og birgjar þar sem hætta er á sniðgöngu varðandi félagsfrelsi og sameiginlega kjarasamningagerð	407-1	Nei	
Rekstur og birgjar þar sem verulega hætta getur verið á barnþrælkun	408-1	Nei	
Rekstur og birgjar þar sem veruleg hætta getur verið á nauðungar- og skylduvinnu	409-1	Nei	
starfsfólk í öryggisgæslu sem fá þjálfun í stefnu eða verklagsreglum í mannréttindamálum	410-1	Nei	
Brotatilvik sem fela í sér réttindi fumboðgilla	411-1	Nei	
Rekstur sem hefur verið rýndur eða áhrifametinn með hliðsjón af mannréttindum	412-1	Nei	
þjálfun starfsmanna í stefnum eða verklagsreglum um mannréttindi	412-2	Nei	
Samkomulag og samningar um verulegar fjárfestingar og samningar sem fela í sér mannréttindaákvæði eða hafa verið skimaðir með hliðsjón af mannréttindamálum	412-3	Nei	
Rekstur með virkni í nærsamfélaginu, áhrifamat og þróunaráætlanir	413-1	Nei	

Tilvísunartafla GRI

Lýsing	Tilvísun	Uppfyllt	Heiti kafla
Nýir birgjar sem voru skimaðir á grundvelli félagslegra viðmiða	414-1	Nei	
Neikvæð félagsleg áhrif í aðfangakeðjunni og aðgerðir sem gripið var til	414-2	Nei	
Framlag til stjórn mála	415-1	Nei	
Mat á heilsu- og öryggisáhrifum vöru- og þjónustuflokka	416-2	Nei	
Atvik þar sem ekki var farið eftir reglum sem varða vöru og þjónustu sem hefur áhrif á heilsu og öryggi	416-2	Nei	
Kröfur til upplýsinga og merkinga á vörum og þjónustu	417-1	Nei	
Atvik þar sem ekki er farið eftir reglum sem varða upplýsingar og merkingar vöru og þjónustu	417-2	Nei	
Atvik við markaðsetningu þar sem ekki er farið eftir reglum	417-3	Nei	
Rökstuddar kvartanir varðandi brot á persónuvernd viðskiptavina og tap á gögnum þeirra	418-1	Nei	
Ekki farið að lögum og reglum á félagslegum og efnahagslegum sviðum	419-1	Nei	



ESKJA

Framsækið fyrirtæki í sjávarútvegi